

**Nr. 062 /13 Guðmundur á Hópi GK 203****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2664  
Smíðaður: Hafnarfirði 2005, plast  
Stærð: 12 brl. 14,90 bt.  
Mesta lengd: 12,77 m Skráð lengd: 11,38 m  
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,41 m  
Vél: Cummins 302 kW, 2005  
Fjöldi um borð: 2



Guðmundur á Hópi ©Alfons Finnsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 22. maí 2013 var Guðmundur á Hópi GK 203 á siglingu vestur af Stafnesi. Veður: NV 6-8 m/s.

Á siglingunni varð báturinn vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Það var fyrst björgunarskipið Njörður Garðarsson og síðan Oddur V. Gíslason sem drógu bátinn til Grindavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að um var að ræða olústíflu. Óhreinindi voru í olúnni og stíflaði hún Racorsíu og lögnina frá olútank að forsíum;
- að við hreinsun virtust óhreinindin vera gúmmíagnir og taldi skipstjóri þær vera úr olú sem tekin hafði verið úr landi. Þessi óhreinindi höfðu ekki komið fram í gruggkúlu;
- að fram kom hjá skipstjóra að hann skipti alltaf um forsíur á 250 tíma fresti og tappaði alltaf 25 ltr. af olú undan með sama tímafresti;
- að olútankurinn og allar lagnir voru hreinsaðar.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.